

NaNO Fréttabréf – Apríl og maí 2014

Hvað höfum við gert í mars og apríl?

Þrennar menntabúðir voru haldnar í mars. Kennarar á Suðurlandi hittustu að Laugarvatni 5. mars sl. og ræddu m.a. hvað væri mikilvægt að kenna í náttúrufræði í grunnskóla og hvernig grunn- og framhaldsskólakennarar geti unnið saman að náttúrufræðikennslu og bættu flæði á milli skólastiga. Í Austurbæjarskóla voru menntabúðir um verklega efnafræði 13. mars sl. [Afrakstur þeirra má sjá hér.](#) Menntabúðir um loftslagsbreytingar í Melaskóla 20. mars. [Afrakstur þeirra má sjá hér.](#) Að lokum voru menntabúðir um hvernig við nálgumst viðfangsefnið vatn í Sunnulækjarskóla, Selfossi 3. apríl. Afrakstur [þeirra má sjá hér.](#)

Náttúruvísindi á 21. öld. Lotunum um vistheimt, rusl í framtíðinni og orkuframleiðslu framtíðar er nú lokið. Í vistheimt kom Ása Aradóttir frá Landbúnaðarháskólanum með erindi. Viku síðar heimsóttum við Kristínu Svavarsdóttur hjá Landgræðslunni þar sem við kynntumst vistheimtarverkefnum á Íslandi. Í lotunni um rusl í framtíðinni komu Erla Helgadóttir frá Sorpu og Sigurbjörg Sæmundsdóttir frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu með kynningu á starfsemi Sorpu annars vegar og á landsáætlum um meðhöndlum úrgangs 2013-2024 hins vegar. Viku síðar fórum við í heimsókn til Sorpu og fengum að sjá og kynnst móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi. [Myndir úr heimsókn í Sorpu má sjá hér.](#) Í lotunni um orkuframleiðslu framtíðar var fyrst farið í Nýsköpunarmiðstöð Íslands þar sem röð fyrirlesara kynntu fyrir okkur mismunandi leiðir til orkuvinnslu. Síðari vikuna heimsóttum við fyrst fyrirtækið Northern Lights Energy sem hefur það að markmiði að rafbílavæða landið og síðan Landsvirkjun þar sem við fengum kynningu á vindmylluverkefni þeirra, djúpborunarverkefni og sölu upprunavottorða. Nemendur eru nú að leggja lokahönd á verkefni sín í námskeiðinu.

Unnið er að ritstýringu kennsluhugmynda/-efnis/-verkefna sem munu verða birt í gagnabanka NaNO von bráðar.

Við fengum jákvætt svar frá kennslumálanefnd vegna styrksúmsókn úr kennslumálasjóði við mat og endurbætur á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld.*

Ester Ýr fór í Vesturbæjarskóla og kenndi 7. bekkjum um nanótækni og prufukeyrði um leið námsefni sem unnið var í tengslum við nanótæknilotuna í námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld.* Nemendur voru afar áhugasamir og fengu bekkjakennarar póst frá foreldri: Sonurinn "var mjög imponeraður yfir kynningunni og sýndi mér heillangt video af þessu undraverða efni"

Ester Ýr og Svava fóru í heimsókn að Flúðum að fylgjast með og meta náttúrufræðikennslu hjá 8. og 10. bekk í Flúðaskóla. Heimsóknin var afar áhugaverð og áttu þær gott samtal við kennara þar en náttúrufræðikennsla er til fyrirmyndar í þessum skóla.

Sótt var um í Endurmenntunarsjóð grunnskóla og í Náttúruverndarsjóð Pálma Jónssonar til að halda námskeið fyrir starfandi kennara þar sem viðfangsefnið snúa að tækni og vísindum náttúruvísinda 21. aldarinnar. Beðið er svara. Sótt var um í Nýsköpunarsjóð námsmanna til að þróa gagnabanka, ekki fékkst styrkur.

Hvað er framundan?

Menntabúðir, mánaðarleg jafningjafræðsla meðal kennara. Í maí verða tvönnar búðir haldnar, annars vegar miðvikudaginn 7. maí um sjálfbærni fyrir mið- og unglingastig. Hins vegar fimmtudaginn 15. maí um lífríkið fyrir miðstig. Sjá á menntabudir.natturutorg.is.

Vinna við mat á námskeiðinu Náttúruvísindi á 21. öld, rýnihópar og viðtöl við nemendur og kennara, sem nýtt verður við frekari þróun á námskeiðinu.

Undirbúningur fyrir ráðstefnu NFSUN í Helsinki 4.-6. júní þar sem við munum segja frá reynslu okkar af námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld*.

Sú reynsla verður einnig kynnt í hádegisspjalli RAUN 27. maí.

Vinna að *hugmyndabanka* fyrir kennara. Í bankanum verði að finna einföld verkefni sem kennarar geta nælt sér í, kennsluhugmyndir o.fl. Markmið með bankanum er m.a. að kennarar geti leitað í hugmyndir á íslensku. Áhersla verði lögð á náttúruvísindi 21. aldar. Bankinn verði hluti af Nátturutorgi.

Náttúruvísindi á 21. öld / Science in the 21st century. Nú eru nemendur að klára verkefni þar sem þeir útbúa kennsluefni sem verður birt á vef. Nemendur kynna verkefni einnig munnlega fyrir hópnum.

Skólaheimsóknir í framhaldsskóla.

Önnur heimsókn í Flúðaskóla.

Vinna að þróun og skipulagningu námskeiðapakka sem hægt verður að bjóða grunn- og framhaldsskólum.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

NaNO
Náttúruvísindi á nýrri öld